

**REGLUGERÐ****um gjöld fyrir tilkynningar og skráningar vörumerkja o. fl.****1. gr.**

Fyrir tilkynningu vörumerkis til skráningar skal greiða gjald, kr. 1 800.00.

**2. gr.**

Fyrir beiðni um endurnýjun á skráningu vörumerkis, skal greiða gjald, kr. 1 800.00.

**3. gr.**

Fyrir skráningu vörumerkis og fyrir endurnýjun skráningar skal greiða gjald, kr. 700.00 fyrir hvern flokk, sem samþykktur er til skráningar eða endurnýjunar merkisins.

**4. gr.**

Fyrir innritun í vörumerkjaskrá greiðist gjald, kr. 350.00.

**5. gr.**

Fyrir útskrift eða staðfest myndrit úr vörumerkjaskrá og fyrir tilkynningar greiðist gjald, kr. 100.00.

Fyrir rannsókn á því hvort vörumerki sé skrásett, skal greiða gjald, kr. 100.00 fyrir hvern flokk, sem rannsóknin nær til.

**6. gr.**

Fyrir tilkynningu gæðamerkis til skráningar skal greiða gjald, kr. 5 000.00.

**7. gr.**

Gjöld samkv. 1., 2. og 6. gr. reglugerðarinnar skulu ekki endurgreidd, þótt um skráningu eða endurnýjun sé synjað, eða tilkynning eða beiðni sé afturkölluð.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 46. gr. laga nr. 47 2. maí 1968, um vörumerki, til að öðlast gildi 15. október 1975 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis, nr. 152 17. maí 1973.

*Iðnaðarráðuneytið, 10. september 1975.*

**F. h. r.**

**Árni Þ. Árnason.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*